

Sig. SMR

Samþykktir fyrir Leyningu ses.

1. gr.

Félagið er sjálfeignarstofnun sem ber nafnið Leyningur ses.

2. gr.

Heimilisfang Leynings ses er að Suðurgötu 80, 580 Siglufirði.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er:

- a. Að byggja upp skíðasvæði Fjallabyggðar á Siglufirði til alhliða vetraríþróttar til að gera það samkeppnisfært við önnur sambærileg skíðasvæði í nágrenninu. Í því felst að stefna skal að því í áföngum að bæta lyftuaðstöðu, útbúa barnasvæði og aðstöðu fyrir byrjendur á skíðum.

Skapa þarf æfingaaðstöðu fyrir keppnisfólk, aðskilja svæðin eða víkka með einhverjum hætti til að fá slíka hópa til að æfa á svæðinu en einnig til að draga úr slysaþættu.

Byggja á nýjan skíðaskála þar sem unnt er að veita fjölbreytta þjónustu. Ennfremur, ef þörf reynist, að færa diskalyftuna af snjóflóðasvæði og e.t.v. breyta legu neðri hluta T- lyftu.

Ráðast þarf í vegaframkvæmdir miðað við nýjan upphafsstað vegna flutnings á lyftu og útbúa bílastæði.

- b. Að byggja upp nýjan golfvöll í Hólsdal á Siglufirði í samræmi við teikningar að deiliskipulagi fyrir verkefnið sem samþykkt var í skipulags- og umhverfisnefnd þann 2. febrúar 2012 og í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 15. febrúar 2012. Tryggja þarf golfskála á svæðinu.
- c. Að sjá um uppbyggingu atriða sem tengjast a. og b.

4. gr.

Leyningur ses. mun hvorki annast rekstur skíðasvæðisins né golfvallarins heldur er miðað við að svæðin verði leigð út.

Gert er ráð fyrir að Fjallabyggð muni áfram styrkja rekstur skíðasvæðisins eins og verið hefur með fjárframlögum sem ekki verði lægri en nú. Með því mætir Fjallabyggð skyldum sveitarfélagsins gagnvart íbúunum s.s. til aðgangs að skíðaskála, kostnað við lyftugjöld o.fl.

5. gr.

Stofnendur eru Fjallabyggð annars vegar og hins vegar Rauðka ehf. eða tengdur aðili.

Stofnfé er 5.000.000,00 króna sem greiðist af Rauðku ehf. eða tengdum aðila, fyrir tilkynningu stofnunarinnar til skráningar.

6. gr.

Önnur frjáls framlög stofnenda eru eftirfarandi:

- a. Fjallabyggð leggur óafturkræft til öll mannvirki og búnað sem nú eru fyrir hendi á skíðasvæði Fjallabyggðar á Siglufirði.
- b. Fjallabyggð leggur fram 15 milljónir króna í samræmi við fyrra samkomulag um að setja lyftu upp í Bungu.
- c. Fjallabyggð leggur fram 16 milljónir króna til uppgræðslu á malarnámunum í Hólsdal sem jafnframt nýtist þá sem undirbygging á lóð fyrir golfvöllinn.
- d. Rauðka ehf., eða tengt félag, leggur fram óafturkræft í peningum 295.000.000 króna á framkvæmdatímanum.
- e. Að því er stefnt að Ofanflóðasjóður taki þátt í kostnaði við flutning á skíðalyftum á snjóflóðasvæði ef þörf krefur eða eftir atvikum snjóflóðavörnum.

7. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum.
Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

8. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

- a. Leigutekjur, m. a. af skálum og búnaði samkvæmt sérstökum samningum.
- b. Vaxtatekjur.
- c. Styrkir, gjafir, auglýsingatekjur eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.
- d. Aðrar tekjur.

Álf S. 1111

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og tveimur varamönnum.

Fyrsta stjórn Leynings ses. skal kosin á stofnfundi.

Við kosningu í stjórn í fyrsta sinn skal Rauðka ehf. skipa þrjá stjórnarmenn og Fjallabyggð einn, sem skal að jafnaði vera bæjarstjóri Fjallabyggðar. Aðilar koma sér saman um formann stjórnar sem er fimmti stjórnarmaðurinn.

Stjórnin skal kosin til fjögurra ára og að þeim liðnum kýs fráfalandi stjórn nýja stjórn til fjögurra ára. Skal svo áfram halda með sama hætti.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti stjórnar ráða. Þess skal þó ávallt gætt að einn stjórnarmaður hið minnsta og einn varamaður komi úr röðum Fjallabyggðar.

10. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin getur ákveðið þóknanir til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

11. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn innan einnar viku frá því að beiðni um það berst stjórnarformanni. Sama rétt á framkvæmdastjóri ef hann er ráðinn. Stjórnin getur sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

12. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður starfsmenn ef þess gerist þörf.

814 SM

13. gr.

Til ráðgjafar fyrir stjórn stofnunarinnar og til að annast daglega umsýslu, skal skipa tvær þriggja manna nefndir, þ. e. annars vegar vetraríþróttanefnd og hins vegar golfnefnd. Skal Leyningur ses. tilnefna einn nefndarmann í hvora nefnd fyrir sig en skíðafélag og golffélag einn nefndarmanna í viðkomandi nefnd. Formaður stjórnar Leynings ses. skal vera formaður beggja nefndanna. Halda skal fund í nefndunum eftir því sem þurfa þykir.

14. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðandi skal vera hlutlaus og ekki í neinum tengslum við stjórnarmenn eða starfsmenn félagsins.

15. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin, og framkvæmdastjóri ef hann er ráðinn, skal semja ársreikning og leggja hann fyrir endurskoðanda eigi síðar en 30. ágúst ár hvert.

16. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktu þessara.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

17. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna hennar.

18. gr.

Stofnuninni má slíta með samþykki allra stjórnarmanna. Hver stjórnarmaður á þó rétt á að óska eftir slitum ef hann telur að stjórnin hafi brotið verulega gegn ákvæðum samþykktu þessara og lag. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til Fjallabyggðar.

19. gr.

Ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999 eiga hér við svo og önnur lagaákvæði eftir því sem við getur átt.

Siglufirði 20. maí 2012.

Sigríður Vánu Ljónsson
f.h. Fjallabyggðar

Sigríður M. Robertsd.
f.h. Rauðku ehf.

Vottur að undirskrift og dagsetningu.

Sigríður Vánu Ljónsson
0203454899